

SAMPYKKT

um breytingu á samþykkt nr. 561 frá 18. júlí 1983 um gatnagerðar- gjöld í Súðavíkurbhreppi.

12. gr. orðist þannig:

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir nýbyggingu eða viðbyggingu við götu, sem þegar hefur verið lögð bundnu slitlagi skal innheimta bæði A-gjald og B-gjald af viðkomandi byggingu.

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir breytingu eða endurbyggingu húsnæðis, sem felur í sér breytta notkun þess, þannig að húseign færist í hærri gjaldflokk, þá skal innheimta gatnagerðargjald af hinu breytta húsnæði, sem nemur mismun af gjaldi reiknuðu af hinu breytta húsnæði fyrir og eftir breytinguna.

Þegar svo hagar til að gatnagerðargjald er eingöngu ætlað til lagningar gangstétta skal gjaldstuðull vegna gangstéttanna ver 1/3 af gjaldstuðli fyrir viðkomandi fasteign skv. 4. gr.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Súðavíkurbrepps í Norður-Ísafjarðarsýslu staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 16. maí 1974 um gatnagerðargjöld til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 1. september 1988.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir Rafmagnsveitur ríkisins nr. 112, 6. apríl 1968.

1. gr.

3. mgr. 2. gr. breytist og orðist svo:

Ráðherra ákveður staðartakmörk orkuveitusvæðis Rafmagnsveitna ríkisins.

2. gr.

4. gr. breytist og orðist svo:

Svæðagreining Rafmagnsveitna ríkisins.

Orkuveitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins er skipt í 5 rekstrarsvæði. Þau eru þessi: Vesturlandsveita, sem afmarkast af Vesturlandskjördæmi; Norðurlandsveita vestri, sem afmarkast af Norðurlandskjördæmi vestra; Norðurlandsveita eystri, sem afmarkast af Norðurlandskjördæmi eystra; Austurlandsveita, sem afmarkast af Austurlandskjördæmi og Suðurlandsveita, sem afmarkast af Suðurlandskjördæmi.

Annast sérstakur rafveitustjóri daglegan rekstur veitukerfis eins eða fleiri þessara svæða, undir yfirstjórn rafmagnsveitustjóra ríkisins.

Þeim þáttum, sem hagkvæmt þykir að sameina í rekstri hinna einstöku rekstrarsvæða, er stjórnad og þeir framkvæmdir frá aðalskrifstofu rafmagnsveitnanna.